

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
142. fundur.

Miðvikudaginn 11. desember 2013 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 9. desember. 2013.
 - b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags 9. desember 2013.
 - c) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 21. nóvember 2013.
 - d) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 29. nóvember 2013.
 - e) Stjórnar Byggðasaml- um menningar og atvinnumál, dags. 3. desember 2013.
 - f) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 27. nóvember 2013.
 - g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 2. desember 2013.
 - h) Skólanefndar FNV, dags. 14. nóvember 2013.
 - i) Stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga, dags. 22. nóvember 2013.
- 3. Bréf:**
 - a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 12.11.2013.
 - b) Frá stjórn Björgunarfélagsins Blöndu, dags. 06.11.2013 (frestað frá síðasta fundi)
 - c) Frá Sólveigu Benjamínsdóttur, dags. 04.12.2013.
- 4. Útsvarsprósentu 2014.**
- 5. Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.**
- 6. Fjárhagsáætlun 2014, seinni umræða.**
- 7. Fjárhagsáætlun 2015 til 2017, seinni umræða**
- 8. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 02.12.2013, tekin fyrir undir dagskrárlíð 2.j) Erindi frá Ungmennafél. Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 10.12.2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 3.d) Erindi frá SSNV, dags. 09.12.2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 3.e) Erindi frá Orkustofnun, dags. 03.12.2013, tekið fyrir undir dagskrárlíð 3.f)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Sótt hefur verið um styrk til Minjastofnunar Íslands að upphæð 1,5 millj. kr. vegna húsa og byggðakönnunar í Húnavatnshreppi.

Margar athugasemdir hafa borist frá notendum um að netkerfi Emax sé alls ekki að virka eins og að var stefnt. Sveitarstjóra var falið að koma athugasemdunum á framfæri við fulltrúa Emax og ítreka að fyrirtækið uppfylli öll ákvæði þess samnings sem gerður var um málið.

Sveitarstjóra var falið að ganga frá nýjum ráðningarsamningi við skrifstofustjóra í samræmi við umræður á fundinum.

2. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 9. desember. 2013.

Undir þessum lið var tekið fyrir trúnaðarmál, sem fært var í trúnaðarmálabók. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

b) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags 9. desember 2013.

Fundargerðin er 2. dagskrárlíðir. Dagskrárlíður 1. Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Skipulags- og matslýsing vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar var lögð fram til afgreiðslu. Nefndin samþykkti skipulags- og matslýsinguna og að umsagnartími um hana skuli vera fjórar vikur. Afgreiðsla nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

Dagskrárlíður 2. Þarfnast ekki staðfestingar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
142. fundur.

c) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 21. nóvember 2013.

Til kynningar.

d) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 29. nóvember 2013.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu A-Hún 2014, en tekur undir nauðsyn þess að farið verði yfir reksturinn og leitað leiða til hagræðingar.

e) Stjórnar Byggðasaml- um menningar og atvinnumál, dags. 3. desember 2013.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál 2014.

Til kynningar.

f) Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 27. nóvember 2013.

Til kynningar.

g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, dags. 2. desember 2013.

Til kynningar.

h) Skólanefndar FNV, dags. 14. nóvember 2013.

Til kynningar.

i) Stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga, dags. 22. nóvember 2013.

Til kynningar.

j) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 2. desember 2013.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fjallskiladeildarinnar á 2. lið fundargerðarinnar með vísan í 13. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Austur-Hún. Jakob Sigurjónsson sat hjá við umfjöllun um þennan lið.

3. Bréf:

a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 12.11.2013.

Efni: Varðar skil á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga í miðlægan gagnagrunn hjá Hagstofu Íslands.
Til kynningar.

b) Frá stjórn Björgunarfélagsins Blöndu, dags. 06.11.2013 (frestað frá síðasta fundi)

Efni: Styrkumsókn.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir að greiddar verði 280 þúsund kr. til Björgunarfélagsins Blöndu á árinu 2013. Greiðslan er annars vegar styrkur og hins vegar greiðsla frá fjallskiladeildum vegna unninna dagsverka í göngum í haust.

c) Frá Sólveigu Benjamínsdóttur, dags. 04.12.2013.

Efni: Ósk um breytingu á samningi um skálavörslu í Áfanga.

Ákveðið var að fá Sólveigu á fund til að fara yfir málefni Áfangaskála.

d) Frá Ungmennafélagi Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 10.12.2013

Efni: Umsókn um styrk fyrir árið 2014.

Samþykkt að styrkja Umf Bólstaðarhlíðarhrepps um 120 þús kr. árið 2014.

e) Frá SSSNV, dags. 09.12.2013.

Efni: Tillaga að bókun sveitarfélaga vegna aðildar að nýju byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks.

Drög að samþykktum fyrir byggðasamlagið og útreikningur á því hver fulltrúafjöldi sveitarfélaga gæti orðið á aðalfundi miðað við mismunandi reiknireglur.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

142. fundur.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Sveitarstjórn samþykkir að gerast aðili að byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á grundvelli 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Aðilar að byggðasamlaginu eru: Akrahreppur, Blönduósbær, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagatrönd. Miðað er við að stofnfundur byggðasamlagsins verði haldinn fyrir lok janúar 2014. Sveitarstjórn veitir Þóru Sverrisdóttur umboð til þess að sækja stofnfundinn og staðfesta aðild sveitarfélagsins með undirritun samþykta sem eru stofnskjál byggðasamlagsins, skv. 94. Grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umboðið nær einnig til áritunar stofnefnahags, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða á því skjali.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

f) **Frá Orkustofnun, dags. 03.12.2013.**

Efni: Óskað er eftir umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á heitu vatni í landi Reykja Húnavatnshr., vegna hitaveitu.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt samhljóða:

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps mælir með því að RARIK verði veitt nýtingarleyfi fyrir heitt vatn úr borholum í landi Reykja í Húnavatnshreppi samkvæmt umsókn til Orkustofnunar dags. 1. nóvember 2013. Eins og fram kemur í umsókninni þá eru jarðhitaréttindi í landi Reykja í Húnavatnshreppi að 90% hluta í eigu RARIK og að 10% hluta í eigu Húnavatnshrepps.

4. **Útsvarsprósenta 2014.**

Í undirbúningi eru á Alþingi breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að leyfilegt hámarksútsvar á árinu 2014 hækki um 0,04%, úr 14,48% í 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Framangreind hækkun hámarksútsvars rennur óskipt til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra.

Oddviti lagði fram tillögu um að útsvarshlutfall fyrir árið 2014 verði 14,52% með þeim fyrirvara að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. **Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.**

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun 2013 vegna hækkunar á framlagi til Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Samtals 212 þús kr. (færast á rekstarlið 0532-9615) tekið af eigin fé. Einnig voru samþykktar tilfærslur á milli rekstrarliða í fræðslu og skólamálum samkvæmt skilgrein þar um.

6. **Fjárhagsáætlun 2014, seinni umræða.**

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun A og B hluta sveitarsjóðs og þær breytingar sem orðið hafa á henni frá fyrri umræðu.

Styrkbeiðnum frá eftirfarandi aðilum var vísað til seinni umræðu um fjárhagsáætlun 2014:

Frá Stígamótum, dags. 20.10. 2013. Erindinu var hafnað.

Frá stjórn Laxaseturs Íslands, dags. 25.11.2013. Erindinu var hafnað.

Fjárhagsáætlun 2014 er að grunni til byggð á bókfærðri stöðu og áætlun fyrra árs, með viðaukum. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að launaliðir hækki að jafnaði um 5,6% frá fyrra ári og aðrir rekstrarliðir um 3%.

Varlega er farið í breytingar á þjónustugjöldum. Leikskólagjöld í Húnavatnshreppi eru sennilega þau lægstu á landinu. Samkvæmt áætlun um gjaldskrá er verið að innheimta um 4% af rekstrarkostnaði við leikskólann. Óhjákvæmilegt er að hækka sorphjöld milli ára, en sorphirða í stóru og dreifbýlu sveitarfélagi er mjög kostnaðarsöm. Samkvæmt áætlun um gjaldskrá þá verða innheimt um 57% af

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
142. fundur.

kostnaði við málaflokkinn. Að frádreginni innri leigu er gert ráð fyrir að gjaldskrá vegna fráveitu standi undir kostnaði við fráveitumál.

Áætlað er að tekjur A og B hluta hækki um 14,5 milljónir frá fyrra ári og verði alls um 343 milljónir. Rekstrargjöld án fjármagnsliða hækki um 15,2 milljónir og verði rúmar 334 milljónir. Tekjur skiptast þannig að skatttekjur eru áætlaðar 54,8%, aðrar tekjur 16,2% og framlög Jöfnunarsjóðs 29%. Framlög Jöfnunarsjóðs sem hlutfall af tekjum hafa lækkað undanfarin ár, en þegar hæst var þá voru framlög sjóðsins um 46% af tekjum.

Rekstrarafgangur A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður um 8,5 milljónir, að teknu tilliti til fjármagnsliða er rekstrarafgangur áætlaður um 2,4 milljónir.

Í áætlun um sjóðstreymi er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 14,8 milljónir.

Framkvæmdir eru áætlaðar við gluggaskipti í Húnavallaskóla, endurbætur á kennsluálmú og heimilsifræðistofu, ofnakerfi í matsal, tækjakaup, vöktunarkerfi við sundlaug og frágangi við bílþlön. Samtals að upphæð 12,5 millj. kr.

Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu.

Fjárhagsáætlun 2014 var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun 2015 til 2017, seinni umræða

Sveitarstjóri kynnti 3ja ára fjárhagsáætlun 2015 til 2017, fyrir A og B huta sveitarsjóðs, við seinni umræðu. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu á tímabilinu.

Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2015 til 2017 var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

Umræða án bókana.

Fleira ekki gert
Fundu slitið kl. 17.30

Þóra Sverrisdóttir

Jóhanna Pálmadóttir

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen